



Sumartónleikar við Mývatn 2015 Heildardagskrá 3. júlí - 2. ágúst.

1. tónleikahelgi.

Föstudag 3. júlí, kl. 21:00, Skútustaðakirkja.

Laugardag 4. júlí, kl. 21:00, Reykjahlíðarkirkja.

Tónlistarhópurinn REYKJAVÍK BAROKK.

Jóhanna Halldórsdóttir, altsöngkona, Diljá Sigursveinsdóttir, barokkfiðla,
Íris Dögg Gísladóttir, barokkfiðla, Anna Hugadóttir, barokkvíóla,
Ólöf Sigursveinsdóttir, barokkselló, Helga Aðalheiður Jónsdóttir, blokkflauta,
Magnea Árnadóttir, barokkflauta, Judith Thorbergsson Tobin, semball/orgel

2. tónleikahelgi.

Laugardag 11. júlí, kl. 21:00, Reykjahlíðarkirkja.

Dúó STEMMA

Herdís Anna Jónsdóttir, víola og Steef van Oosterhout, marimba og slagverk.

3. tónleikahelgi

Laugardag 18. júlí, kl. 21:00, Reykjahlíðarkirkja.

Sunnudag 19. júlí, kl. 21:00, Skútustaðakirkja.

Jazztrío NOR

Ómar Einarsson, gítar, Jakob Hagedorn-Olsen, gítar, Jón Rafnsson, kontrabassi

4. tónleikahelgi

Laugardag 25. júlí, kl. 21:00, Reykjahlíðarkirkja.

CORPO DI STRUMENTI

Marie Rouqué og Gabriel Grosbard, fiðla
Joseph Rassam semball, Steinunn A. Stefánsdóttir selló

5. tónleikahelgi.

Laugardag 1. ágúst, kl. 21:00, Reykjahlíðarkirkja.

sunnudag 2. ágúst, kl. 21:00, Skútustaðakirkja.

Strokkvartettinn SIGGI

Una Sveinbjarnardóttir, fiðla, Helga Þóra Björgvinsdóttir, fiðla
Þórunn Ósk Marinósdóttir, víóla, Sigurður Bjarki Gunnarsson, selló

Sunnudag 2. ágúst, kl. 14:00. Kirkjan í Dimmuborgum.

Helgistund og tónlistarflutningur.

Verið velkomin!

Aðgangur ókeypis. En frjáls framlög þakksamlega þegin.

Listrænn stjórnandi: Margrét Bóasdóttir
margret.boasdottir@gmail.com



Mýflugan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Hrafnhildur Geirsdóttir

Sími: 464 4343, 866 0311

Netfang: myflugan@emax.is

22. tbl. 7. árg. miðvikudaginn 24. júní 2015

Afmælisbörn dagana 25. júní — 1. júlí 2015

25. Hildur Vésteinsdóttir.
26. Arnfríður Anna Jónsdóttir.
27. Axel Þór Jónasson.
30. Bergþóra Kristjánsdóttir, Valerija Kiskurno.
1. Brynja Hjörleifsdóttir, Elísabet Sigurðardóttir.



Gróðursetning í Höfða.

Í tilefni af því að 35 ár eru liðin síðan Vigdís Finnbogadóttir var kjörin forseti Íslands fyrst kvenna og 100 ár eru síðan konur fengu kosningarétt á að gróðursetja þrjú tré í Höfða mánudaginn 29. júní kl: 14:30.

Þetta er hefð sem Vigdís kom á, í forsetatíð sinni, hún gróðursetti eitt tré fyrir drengi, eitt tré fyrir stúlkur og eitt tré fyrir komandi kynslóðir.

Leikskólabörn munu gróðursetja trén og að athöfn lokinni fá allir viðstaddir ís.

Allir velkomnir.
Umhverfisnefnd Skútustaðahrepps



Þakki frá 9. og 10. bekk Reykjahlíðarskóla

Nú er skólaferðalaginu okkar til Austurríkis lokið. Ferðalagið gekk mjög vel og við þökkum öllum þeim sem styrktu okkur kærlega fyrir stuðninginn.

**Aðalsafnaðarfundur Reykjahlíðarsóknar
verður haldinn í kirkjunni n.k. sunnudag kl. 20:00.**

Dagskrá:
Venjuleg aðalfundarstörf
Önnur mál.

Sóknarnefnd.



Frá Íþróttamiðstöð.

Við viljum þakka fyrirtækjum frábærar viðtökur við tilboði á fyrirtækjakortum. Stuðningur ykkar er mikilvægur. Hér hefur sumarið farið gríðarlega vel af stað; líf og fjör alla daga.

Sjáumst í sundi í sumar, starfsfólk ÍMS

**Hjartans þakkir
til allra fyrir auðsýnda samúð og hlýhug
við andlát og útför ástkærs föður okkar,
tengdaföður, afa og langafa**

Björns J. Guðmundssonar
Hólabraut, Reykjadal
er lést á Akureyri, hvítasunnudag 24. maí sl.

Guðmundur Eggert Björnsson, Birgitta Granqvist,
Ragnheiður Björnsdóttir, Jóhann Karlsson,
Ásta Björnsdóttir, Sigurjón Valdimarsson,
Arna Jakobína Björnsdóttir, Skúli Rúnar Arnason,
Guðm. Kolbeinn Björnsson, Guðlaug Jónína Ágústsdóttir
Birna Björnsdóttir,
barnabörn og barnabarnabörn.



**Morgunbænir (morningprayer)
í Reykjahlíðarkirkju
og kvöldbænir (eveningprayer)
í Skútustaðakirkju
frá 28. júní til 12. júlí 2015.**

Morgunbænastund verður í Reykjahlíðarkirkju í Mývatnssveit á mánudögum, þriðjudögum, miðvikudögum, fimmtudögum og föstudögum frá 28. júní til 12. júlí klukkan 8:30 að morgni.

Þetta er fimmtán mínútna stund og tilvalið að bregða sér inn í helgidóminn og heyra Guðs orð áður en haldið er út í viðburði dagsins. Kvöldbænastund verður í Skútustaðakirkju á sunnudagskvöldum og miðvikudagskvöldum klukkan 21:00.

Morningprayer, which last about 15 minutes, are held in Reykjahlidarchurch in Myvatnssveit, every monday, tuesday, wednesday, thursday and friday from 28. june til 12. july at 8:30 in the morning.

Eveningprayer are in Skutustadirchurch in Myvatnssveit, sunday- and wednesday-evening at 21:00.

Gestir og gangandi.
Verið hjartanlega velkomin.
Welcome!
Sr. Örnólfur á Skútustöðum

**Almennur félagsfundur Fjöreggs
fimmtudagskvöldið 2. júlí kl. 21:30 í Kaffi Borgum.**

Ýmis áhugaverð málefni á dagskrá, almennar umræður og fleira sem kemur í tölvupósti og verður birt í Mýflugunni næstkomandi miðvikudag.

Taktu kvöldið frá.
Kveðja, stjórn Fjöreggs

